

Ed.

107. Frumvarp til laga

[89. mál]

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

A-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í tólf flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er orðast svo:

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 13 16. marz 1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga gefin heimild til þess að starfrækja vöruhappdrætti, og skyldi ágóðanum varið til byggingarframkvæmda að Reykjalundi. Var þar ákveðið, að hlutatalan skyldi skiptast í sex flokka, og dregið skyldi 5. dag annars hvers mánaðar. Mátti hlutatalan ekki fara yfir fimmtíu þúsund. Í lögnum var ekkert ákvæði um skattfrelsi vinninga. Tók happdrættið til starfa þegar á árinu 1949 og hefur starfað jafnan síðan með þeim árangri, er nú skal greina:

Árið 1949 urðu nettótekjur af vöruhappdrættinu 138655 kr., 1950 428500 kr. og 1951 339419 kr., eða alls á þessu tímabili 1096574 kr. Hefur öllu þessu fé verið varið til byggingarframkvæmda að Reykjalundi. Hefur þegar verið varið rúmum 10 millj. kr. til byggingarframkvæmda þar og ríkissjóður greitt af því fast að 2 millj. En eins og kunnugt er, er enn þörf mikilla framkvæmda þar, til þess að unnt sé að halda þar áfram nauðsynlegustu endurbótum á vinnuskilyrðum fyrir vistmennina.

Eins og sést á þessu yfirliti, minnkaði allverulega ágóðinn af happdrættinu 1951, og var það álitnið stafa af því, að vinningarnir, sem keppt var um, væru eigi nógu verðmætir, en hæsti vinningur þá var 25 þús. kr. Hefur því hæsti vinningur á þessu ári verið hækkaður upp í 75 þús. kr., og m. a. vegna þess er nauðsynlegt, að skattfrelsi það fái, sem farið er fram á í frv. þessu. Þá þykir einnig nauðsynlegt að fá leyfi til þess að skipta hlutatölunni í 12 flokka í stað sex áður og að draga 12 sinnum á ári í stað sex, án þess þó að raska hámarki hlutatölnnar frá því, sem nú er í lögum. 1. og 2. gr. frv. þessa lúta að þessum breytingum.

Á árunum 1950—51 hefur happdrættið greitt alls út í vinningum um 830 þús. kr.

Um nauðsyn á þróun þeirrar starfsemi, sem rekin er að Reykjalundi, þarf ekki að fjölyrða, svo mjög sem alþjóð hefur fylgt með henni og metið hana að verðleikum. Ég vænti því, að frv. þetta nái sem fyrst samþykki hér á Alþingi.